

réttur hafi stofnast í skipinu fyrir umræddri úttekt, en hin umstefnda skuld sé einmitt eftirstöðvar af henni.

Skipið var nú að visu statt utan heimilis síns er umrædd úttekt fór fram og hún var gerð af skipstjóranum, og er þá eftir að athuga þriðja skilyrðið, það, hvort úttektin hafi snert framkvæmd til einstakrar ferðar skipsins. Það verður að teljast upplýst, að skipið hafi verið gert út frá Akureyri yfir tímabilið frá 8. ág. f. á. til 15. okt. s. á. að m. k. og stefnendurnir hafa ekki haldið því fram, að skipið hafi komið hingað til bæjarins fyrr en 29. okt. f. á. eða hálfum mánuði eftir að síðasta kolaúttekt þess fór fram hjá umbjóðanda stefnenda. Er því sennilegast að skipið hafi stundað veiðar frá Akureyri áður en það lagði af stað hingað og ekki getur það hafa þurft 31½ tonn af kolum til þess að komast hingað. Verður því eigi litið svo á, að umrædd kolaúttekt öll eð nokkur ákveðinn hluti hennar, þar sem hún er algjörlega ósundurliðuð, hafi verið gerð til framkvæmdar einstakrar ferðar skipsins, heldur almennt til útgerðar þess, og verður krafa stefnenda um sjóveðrétt í skipinu því ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 11. nóv. 1931.

Nr. 34/1931. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

J. R. Bore (Lárus Fjeldsted).

Veiðarfæri í ólægi.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 14. marz 1931: Kærður, John Robert Bore, greiði 1000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í hæstarétti hefir verið lagður fram sjóuppdráttur, er forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykja-

vik hefir markað á mælingar varðskipsins Þór 13. marz þ. á., og sýnir hann eins og sjóuppdáttur sá, er skipherra varðskipsins hefir lagt fram við rannsókn málsins í héraði, að skip kærða hefir verið tæpa sjómilu innan landhelgislinunnar, er varðskipið nam staðar við hlið þess og hafði kærði þá svo sem hann hefir játað, veiðarfæri sín í því ástandi, sem lýst er í lögregluréttardóminum, en eigi í búlka. Er það þannig sannað, að kærði hefir gjörzt brotlegur gegn 2. gr. í lögum nr. 6, 18. maí 1920. En þar sem það af öllum atvikum, sem upplýst eru í málinu, þykir ljóst, að kærði hefir hvorki verið að veiðum í landhelginni, né verið að búa sig undir veiðar þar, þykir refsing hans samkvæmt 1. gr. í lögum nr. 36, 15. júní 1926, hæfilega ákveðin 700 kr. sekt í ríkissjóð, en gullgengi íslenzkrar krónu er nú 63,81, og verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa, þá komi í hennar stað 35 daga. einfalt fangelsi.

Svo ber og kærða að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 100 kr. til hvors.

Þ v i d æ m i s t r é t t v e r a :

Kærði, John Robert Bore, greiði 700 kr. í ríkissjóð, er afplánist með 35 daga einföldu fangelsi, ef hún fæst eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði og kærði allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutnings-

mannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Lárusar Fjeldsted, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta, er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn J. R. Bore, skipstjóra á b/v „Franc Tieur“, G.Y. 1041, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5, frá 18. maí 1920, sbr. lög nr. 36 frá 15. júní 1926 og lög nr. 33, frá 1922.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina: Eftir því, sem segir í skýrslu skipherrans á varðskipinu „Þór“, var nefnt varðskip út af Svörtuloftum fimmtudaginn 12. þ. m. kl. 4,10. Sást þá togari vera inn á landhelgissvæðinu og var haldið til hans. Kl. 14,30' dróg varðskipið upp stöðvunarmerki og um leið var stöðvað við hlið framangreinds togara og samtímis var mældur staður skipsins og var hann sem hér segir:

Öndverðarnestá	> 25° 30'
Svörtuloftaviti	> 66° 20'
Dritvíkurtangi	

Dýpi mælt 84 metr. og gefur það stað togarans 0,8 sm. innan landhelgislínu. Þessar mælingar gerðu bæði foringinn á varðskipinu og 1. stýrimaður og hafa þeir unnið eið að því að mælingarnar séu réttar.

Veiðarfæri togarans voru í því ástandi, að hlerar allir voru utanborðs og vörpur lásaðar í þá, fram og afturvængir bakborðsvörpu voru utanborðs, og framvængir á stjórnborðsvörpu og varpan að öðru leyti mest laus á þilfarinu. Einnig voru skipsmennirnir að vinna að því að gera að fiski á þilfarinu.

Kærður í þessu máli hefir játað, að svo hafi verið umhorfs hjá sér sem nú hefir verið lýst, en hann neitar því að staðarákvörðun varðskipsins sé rétt, kveðst sjálfur hafa sett út bauju um 3 mínútum síðar en varðskipið setti út sína bauju og næstum á sama stað, og við þá bauju hafi hann gert staðarákvarðanir með loftskeytamanni sínum, sem sé

mælingafróður, en staðarákvarðanir þessar voru miðanir yfir kompás, og telur hann þær hafa verið þannig: Öndverðarnesviti A. t. N. $\frac{1}{2}$ N. og Dritvik S.S.A., en það gefi stað togarans $3\frac{3}{4}$ sm. undan landi.

Kærður kveðst frá því snemma um morguninn hafa verið að fiska með varðskipinu um 5 sm. undan landi, en varðskipið kveðst hann hafa þekkt á fallbyssunni. Af því kveður hann mega sjá að sér muni ekki hafa komið til hugar, að fara inn fyrir landhelgislinuna með því að hann vissi af varðskipinu. En hann kveðst hafa fært sig nær landi en ef hann hefði verið að veiðum, til þess að fá sléttari sjó, með því að ekki hafi verið hægt fyrir sig að vera að veiðum vegna óveðurs, þar sem skip hans var ofmikið hlaðið.

Skipherrann á varðskipinu telur það rangt, að liðið hafi 3 mínútur milli þess að varðskipið kastaði út sinni bauju og þangað til togarinn setti út bauju sína. Tímamillibilið hafi verið réttar 33 mínútur. Enda hafi fjarlægðin milli baujanna verið það mikil, að varðskipsbaujan hafi rétt vel sést frá bauju togarans. Straumar ráða svo miklu þarna við nesið, að togarinn hafi rekið þessa vegalengd á framangreindum 33 mínútum. Hann kveðst þó hafa gert staðarákvörðun við bauju togarans, og hafi hún verið þessi:

Öndverðarnestá	> 24° 30'
Svörtuloftaviti	> 58°
Dritvikurtangi	

og kveður hann það gefa stað togarans góða $\frac{1}{2}$ sm. fyrir innan landhelgislinuna. Skipherrann og stýrimennirnir á varðskipinu halda því fram, að sjór hafi ekki verið meiri en svo, að vel hafi verið hægt að fiska, þó þeir viðurkenni, að það hafi verið erfiðara fyrir kærðan þar sem skip hans var nokkuð mikið hlaðið. Hvort kærður hefir þekkt varðskipið eða ekki hefir eigi tekizt að upplýsa til eða frá, svo það út af fyrir sig, að kærður hafi hlotið að halda sig fyrir utan linuna vegna þess, að hann hafi vitað af varðskipinu, verður ekki talin mikils virði sem gagnsönnun. Hvað miðununum viðkemur, verður því ekki neitað, að slíkar miðanir, sem gerðar eru yfir kompás áhaldalaust og auk þess í ósléttum sjó geta aldrei verið nákvæmar, svo ekki verður

talið, að þær geti hnekktt mælingu varðskipsins, sem gerðar voru með góðum tækjum og af æfðum mönnum. Það verður því að telja það sannað, að togarinn hafi verið staddur þar innan landhelgislinunnar, sem tiltekið er í skýrslu foringja varðskipsins, er hann kom að honum kl. 14.30 hinn 13. þ. m.

Þá kemur að því atriði, hvort kærður hafi með því að vera þarna staddur með fisk og veiðarfæri í því ástandi, sem hann hefir viðurkennt, brotið gegn ákvæðum íslenzkrar fiskiveiðalöggjafar. Með því að gera að fiski innan landhelgi, hefir þá kærður fyrst og fremst brotið gegn ákvæðum 3. gr. laga nr. 33 frá 1922, því þótt erlendum fiskiskipum sé heimilt að leita undan óveðri inn í landhelgina mega þau ekki gera þar að fiski og veiðarfærin verða að vera í lagi.

Að því er veiðarfærunum viðkemur, er það að visu upplýst, að kærður kom frá veiðum utan landhelgi og það er ekki líklegt, að hann hafi ætlað til veiða innan landhelgislinunnar, minnsta kosti eru engar líkur framkomnar fyrir því. Það er því á takmörkunum að vera heimilt að sleppa kærðum við refsingu fyrir brot þetta samkvæmt ákvæðum laga nr. 36 frá 1926, ef hann hefði ekki hinn 22. jan. s. l. verið dæmdur í 500 króna sekt fyrir ólöglegan umbúnað veiðarfæra með dómi sýslumannsins á Patreksfirði, fyrir samskonar brot.

Af þessum ástæðum verður ekki hjá því komizt, að dæma kærðan til að greiða 1000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands með tiliti til þess að gengi íslenzkrar krónu er þannig, að ein króna íslenzk jafngildir 81,79 aorum gulls. Dómfelldur greiði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.